

Alþingi
Erindi nr. P 142/122
komudagur 28.6.2013



Nefndasvið Alþingis
Sigrún Helga Sigurjónsdóttir, ritari nefndasviðs Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík 28. júní 2013

Umsögn Samiðnar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 100/2007
þingskjal 40- 25. mál.

Tekið er undir megin efni frumvarpsins um hækkun frítekjumarka vegna atvinnutekna
ellilífeyrisþega og afnám skerðingar grunnlífeyris vegna lífeyristekna.

Hins vegnar er talið rétt að benda á að lífeyrisþegar sem njóta þessara breytinga eru fyrst og
fremst þeir sem eru með hærri tekjur en 300.000 kr. á mánuði.

Einnig verður að telja það galla á frumvarpinu að ekki sé gerð grein fyrir hvernig eigi að
fjármagna aukin útgjöld sem eru samfara samþykkt frumvarpsins. Að óbreyttu mun samþykkt
frumvarpsins leiða til aukins halla á ríkissjóði og aukinnar skattheimtu í framtíðinni.

Fagna ber auknum eftirlitsheimildum Tryggingarstofnunar sem frumvarpið gerir ráð fyrir en
æskilegt er að fyrir liggi álit Persónuverndar áður en frumvarpið verður endanlega afgreitt sem
lög frá Alþingi.

Varðandi frumvarp til laga um slysatryggingar almannatrygginga 6. mál og frumvarp til laga
um lífeyrisréttindi almannatrygginga og félagslegur stuðningur 7. mál vísast til fyrri umsagna
Samiðnar.

F.h. Samiðnar, sambands iðnfélaga

Þorbjörn Guðmundsson